Vistunargjöld vegna ungmenna 18 ára og eldri með fjölþættan vanda námu 1.079 m.kr. á tímabilinu og voru 518 m.kr. umfram fjárheimildir. Frávik skýrist helst af tilfærslu einstaklinga frá Barnavernd Reykjavíkur yfir í málaflokk fatlaðs fólks við 18 ára aldur. Á fyrri hluta árs 2026 urðu fimm einstaklingar lögráða og færðust á milli málaflokka. Um er að ræða ungmenni sem krefjast sérhæfðrar og umfangsmikillar þjónustu, þar á meðal sólarhringsþjónustu og annars stuðnings sem hefur veruleg áhrif á rekstrarkostnað málaflokksins.

Gripið hefur verið til aðgerða til þess að draga úr kostnaði vegna vistunarúrræða og hefur plássum í einkaúrræðum verið fækkað um þrjú á árinu. Jafnframt hefur nýtt úrræði á vegum Reykjavíkurborgar verið tekið í notkun til að mæta þjónustubörf notenda með hagkvæmari hætti. Áætlaður árlegur fjárhagslegur ábati af þessum breytingum nemur um 252 m.kr. Áfram verður unnið að þróun þjónustuúrræða innan borgarinnar og tilfærslu notenda úr kostnaðarsamari úrræðum þar sem það er faglega og þjónustulega mögulegt, með það að markmiði að bæta þjónustu og draga úr kostnaðarþróun til lengri tíma.

Vistgreiðslur Barnaverndar Reykjavíkur námu 838 m.kr. á tímabilinu og voru í meginatriðum í samræmi við áætlun. Þar hafði framlag frá ríkinu vegna vistunar barna með fjölþættan vanda veruleg áhrif á rekstrarniðurstöðu tímabilsins. Þrátt fyrir það er áfram um verulegan kostnað að ræða vegna vistunar og þjónustu við börn með fjölþættan og alvarlegan vanda utan heimilis.

Framlag frá ríkinu vegna vistunar barna með fjölþættan vanda nam 434 m.kr. á tímabilinu. Samkvæmt gildandi fyrirkomulagi ber ríkið ábyrgð á fjármögnun vistunar og búsetu þessa hóps barna, en Reykjavíkurborg ber áfram kostnað af fjölbreyttri og sérhæfðri þjónustu sem tengist úrræðunum.

Vistanir utan heimilis byggja á lögbundnum skyldum Barnaverndar Reykjavíkur og varða börn með alvarlegan og fjölþættan vanda þar sem hefðbundin úrræði duga ekki til að mæta þjónustubörfum þeirra. Rekstur málaflokksins er því áfram háður fjölda og umfangi einstakra mála og geta breytingar á fáum málum haft veruleg áhrif á rekstrarniðurstöðu tímabilsins.

Búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk, heimilislausa og einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuparfir var 8.263 m.kr. eða 601 m.kr. umfram fjárheimildir, sem nemur 7,8%. Frávik skýrist helst af kostnaði vegna sérhæfðra búsetuúrræða og þjónustu við einstaklinga með umfangsmiklar stuðningsparfir. Þá hafði tilfærsla ungmenna frá Barnavernd Reykjavíkur yfir í málaflokk fatlaðs fólks við 18 ára aldur áhrif á rekstur tímabilsins.

Laun og launatengd gjöld voru 7.418 m.kr. eða 570 m.kr. umfram fjárheimildir, sem nemur 8,3%. Frávik skýrist helst af aukinni mönnunarþörf, kostnaði vegna afleysinga og yfirvinnu, auk aukinnar þarfar fyrir sérhæfða mönnun. Búsetuþjónustan greiddi fyrir að meðaltali 1.014 stöðugildi á tímabilinu, sem er fjölgun frá sama tímabili fyrra árs.

Yfirvinnustundir voru að meðaltali um 12.000 á mánuði, sem samsvarar um 77 stöðugildum. Þrátt fyrir að yfirvinna hafi dregist saman frá fyrra ári var veikindahlutfall áfram hátt eða 7,3%, sem samsvarar um 74 stöðugildum að meðaltali á mánuði. Langtímaveikindi voru 2,2% og hafa áfram veruleg áhrif á rekstur þjónustunnar með aukinni þörf fyrir afleysingar og aðrar tímabundnar mönnunarlausnir.

Unnið er markvisst að því að styrkja mönnun og draga úr áhrifum veikinda á rekstur þjónustunnar. Jafnframt er unnið að endurskoðun þjónustuúrræða með það að markmiði að bæta nýtingu fjármuna og draga úr kostnaðarþróun málaflokksins. Meðal annars hefur verið ráðist í breytingar sem gera kleift að veita hluta notenda þjónustu í hagkvæmari úrræðum án þess að skerða gæði eða öryggi þjónustunnar. Áfram verður unnið að þróun þjónustunnar og bættri nýtingu úrræða til að halda kostnaðarþróun innan fjárhagslegra marka eftir því sem kostur er.

Stuðnings- og stoðþjónusta, þar á meðal skammtímadvalir, stuðningsfjölskyldur og önnur sérhæfð stuðningsúrræði, var 1.989 m.kr. eða 141 m.kr. umfram fjárheimildir, sem nemur 7,6%. Frávik skýrist helst af kostnaði vegna sérhæfðra stuðningsúrræða, þar á meðal skammtímadvala og stuðningsfjölskyldna.

Laun og launatengd gjöld voru 1.340 m.kr. eða 49 m.kr. umfram fjárheimildir, sem nemur 4%. Frávik skýrist helst af aukinni mönnunarþörf til að tryggja viðeigandi stuðning og samfellda þjónustu við notendur.

Annar rekstrarkostnaður var 649 m.kr. eða 92 m.kr. umfram fjárheimildir, sem nemur 17%. Frávik skýrist helst af auknum kostnaði vegna skammtímadvala, stuðningsfjölskyldna og annarrar aðkeyptrar þjónustu. Þá hafði aukin nýting sérhæfðra úrræða og þjónustu utan eigin rekstrareininga áhrif til hækkunar á kostnaði.

Unnið er að áframhaldandi greiningu á kostnaðarþróun málaflokksins og aðgerðum sem stuðla að bættri nýtingu úrræða og hagkvæmari þjónustuveitingu án þess að skerða gæði þjónustunnar.

Dagþjónusta var 549 m.kr. eða 69 m.kr. umfram fjárheimildir, sem nemur 14,3%. Frávik skýrist helst af rekstri dagdeilda fyrir aldraða og dagþjónustu í málaflökki fatlaðs fólks.

Dagdeildir fyrir aldraða voru 42 m.kr. eða 20 m.kr. umfram fjárheimildir. Frávik skýrist helst af hærri launa- og rekstrarkostnaði en áætlað var, meðal annars vegna veikinda og aukinnar þarfar fyrir afleysingar til að tryggja samfellda þjónustu. Þá var annar rekstrarkostnaður umfram fjárheimildir vegna hækkandi aðfangakostnaðar.

Dagþjónusta í málaflökki fatlaðs fólks var 507 m.kr. eða 49 m.kr. umfram fjárheimildir. Frávik skýrist helst af hærri launakostnaði og auknum öðrum rekstrarkostnaði samhliða breytingum á starfsemi og þjónustu. Annar rekstrarkostnaður var umfram fjárheimildir, meðal annars vegna kostnaðar sem tengdist flutningi starfseminnar og aðlögun að nýju húsnæði. Um er að ræða að hluta tímabundin áhrif sem tengjast flutningi starfseminnar og uppbyggingu þjónustunnar í nýju húsnæði.

Unnið er að áframhaldandi aðlögun starfseminnar að nýju húsnæði og breyttu þjónustufyrirkomulagi með það að markmiði að tryggja stöðugan rekstur og hagkvæma nýtingu fjármuna.

Framleiðslueldhúsið á Vitatorgi var 286 m.kr. eða 156 m.kr. umfram fjárheimildir á tímabilinu. Frávik skýrist helst af lokun framleiðslueldhússins í febrúar 2026 og því breytta fyrirkomulagi sem komið var á til að tryggja áframhaldandi matarþjónustu við notendur. Tekjur voru 6 m.kr. undir áætlun vegna tímabundinnar röskunar á starfsemi í kjölfar lokunarinnar.

Laun og launatengd gjöld voru 31 m.kr. innan fjárheimilda. Frávik skýrist af uppsögnum starfsfólks og tilfærslu starfsmanna yfir á aðrar starfsstöðvar innan velferðarsviðs í kjölfar lokunar eldhússins.

Annar rekstrarkostnaður var 335 m.kr. eða 180 m.kr. umfram fjárheimildir. Frávik skýrist helst af auknum kostnaði vegna framleiðslu og afhendingar máltíða sem keyptar voru af utanaðkomandi aðila eftir lokun eldhússins. Kostnaður við hverja máltíð er hærri en gildandi gjaldskrá gerir ráð fyrir og hefur Reykjavíkurborg því áfram greitt verulegan hluta kostnaðar vegna þjónustunnar. Unnið er að áframhaldandi eftirfylgni og mati á nýju fyrirkomulagi matarþjónustunnar með það að markmiði að tryggja þjónustugæði og hagkvæman rekstur til lengri tíma.

Málaflökkur fatlaðs fólks

Málaflökkur fatlaðs fólks (m.kr.)	Raun 2026	Áætlun 2026	Frávik	%
Tekjur	106	53	53	99,6%
Laun og launat. gj.	-8.159	-7.488	-671	9,0%
Annar rekstrark.	-4.763	-4.152	-611	14,7%
Rekstrarniðurstaða	-12.816	-11.587	-1.229	10,6%

Rekstrarniðurstaða í málaflökki fatlaðs fólks var 12.816 m.kr. eða 1.229 m.kr. umfram fjárheimildir, sem nemur 10,6%. Frávik skýrist helst af kostnaði vegna búsetuþjónustu fyrir fatlað fólk og vistunargjalda vegna ungmenna 18 ára og eldri með fjölpættan vanda. Á fyrri hluta

árs 2026 urðu fimm einstaklingar lögráða og færðust frá Barnavernd Reykjavíkur yfir í málaflökk fatlaðs fólks, sem hafði veruleg áhrif á rekstur tímabilsins. Hærri tekjur en áætlað var drógu þó að hluta úr áhrifum fráviksins á rekstrarniðurstöðu málaflokksins.

Tekjur voru 106 m.kr. eða 53 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Frávik skýrist helst af tekjufærslu vegna rýmkunar á réttargeðdeild að fjárhæð 33 m.kr. Þá voru aðrar tekjur innan málaflokksins hærri en áætlað var og höfðu jákvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu tímabilsins.

Laun og launatengd gjöld voru 8.159 m.kr. eða 671 m.kr. umfram fjárheimildir, sem nemur 9,0%. Frávik skýrist helst af kostnaði innan búsetuþjónustu fyrir fatlað fólk, sem var 550 m.kr. umfram fjárheimildir, auk kostnaðar í stuðnings- og stoðþjónustu sem var 83 m.kr. umfram fjárheimildir. Frávik skýrist af stærstum hluta af kostnaði vegna þjónustu við einstaklinga með miklar og flóknar stuðningsþarfir sem krefjast sérhæfðar mönnunar og umfangsmikillar þjónustu.

Málaflokkur fatlaðs fólks greiddi fyrir að meðaltali 1.105 stöðugildi á mánuði á tímabilinu. Yfirvinnustundir voru að meðaltali 12.205 á mánuði, sem samsvarar um 78 stöðugildum. Yfirvinna dróst saman um 2.828 klukkustundir frá sama tímabili fyrra árs, sem bendir til aukins stöðugleika í mönnun þrátt fyrir áframhaldandi áskoranir í rekstri.

Meðalveikindahlutfall var 7,6% á tímabilinu og samsvaraði að meðaltali 84 stöðugildum á mánuði. Veikindahlutfallið hefur lækkað frá fyrra ári þegar það var 7,8%. Langtímaveikindi voru 2,2% og náðu til 127 starfsmanna á tímabilinu. Þrátt fyrir jákvæða þróun í veikindum og yfirvinnu er áfram mikilvægt að viðhalda stöðugri mönnun til að tryggja lögbundna og samfellda þjónustu við notendur.

Annar rekstrarkostnaður var 4.763 m.kr. eða 611 m.kr. umfram fjárheimildir, sem nemur 14,7%. Frávik skýrist helst af kostnaði vegna vistunargjalda ungmenna 18 ára og eldri með fjölþættan vanda, búsetuþjónustu, samninga og styrkja, auk sérhæfðra þjónustuúrræða fyrir einstaklinga með miklar og flóknar þjónustubarfir. Þá var kostnaður innan stuðnings- og stoðþjónustu og dagþjónustu einnig umfram fjárheimildir. Frávikin endurspeglu aukinn kostnað vegna sérhæfðrar þjónustu og umfangsmikilla stuðningsúrræða sem sveitarfélaginu ber að veita samkvæmt lögum. Unnið er að markvissum aðgerðum til að draga úr kostnaðarþróun málaflokksins, meðal annars með endurskoðun þjónustuúrræða, þróun hagkvæmara þjónustufyrirkomulags og aukinni nýtingu úrræða innan eigin rekstrar þar sem það er faglega og þjónustulega mögulegt.

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Rekstrarniðurstaða velferðarsviðs án bundinna liða var 1.527 m.kr. umfram fjárheimildir eða 6,9%. Helstu frávikin felast í búsetuþjónustu fyrir fatlað fólk sem var 601 m.kr. umfram fjárheimildir og kostnaður Barnaverndar Reykjavíkur var 260 m.kr. umfram fjárheimildir. Stærsti einstaki frávikliðurinn voru vistunargjöld sem voru 518 m.kr. umfram fjárheimildir.
- Annar rekstrarkostnaður var 1.486 m.kr. umfram fjárheimildir eða 16,4%.
- Tekjur vegna samnings ríkis og sveitarfélaga vegna barna með fjölþættan vanda sem tekjufærðar eru á velferðarsviði að fjárhæð 434 m.kr. eru áætlaðar miðlægt undir sameiginlegum kostnaði og eru á tímabilinu 316 m.kr. lægri en gert var ráð fyrir.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Rekstrarniðurstaða velferðarsviðs án bundinna liða felur í sér veruleg frávik frá samþykktum fjárheimildum eða 6,9% og stefnir í mikinn halla á rekstri á árinu. Mikilvægt er að brugðist verði við með markvissum hætti. Helmingur þjónustubátta velferðarsviðs er rekinn með meira en 2% frávik sem kallar á skýrar aðgerðir í rekstri sviðsins.
- Þrátt fyrir að veikindahlutfall lækki niður í 7%, um 0,4 prósentustig milli ára, er brýnt að halda áfram á þessari braut.
- Launakostnaður sviðsins er 699 m.kr. umfram fjárheimildir. Stór hluti þess kemur til vegna kostnaðar innan búsetuþjónustu, sem var 570 m.kr. umfram fjárheimildir. Rýna þarf mönnun og fara í aðgerðir til að draga úr kostnaði.
- Samkomulag ríkis og sveitarfélaga frá mars 2025 gerði ráð fyrir að ríkið tæki yfir þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Það samkomulag hefur einungis gengið eftir að hluta til og kostnaður borgarinnar ekki lækkað eins og áætlað var. Nauðsynlegt er að tryggja fulla fjármögnun samningsins.

1.4.1 Velferðarsvið - bundnir liðir

Bundnir liðir VEL (m.kr.)	Raun 2026	Áætlun 2026	Frávik	%
Tekjur	732	502	230	45,8%
Gjöld	-2.828	-2.948	120	-4,1%
Rekstrarniðurstaða	-2.096	-2.447	350	-14,3%

Fjárhagsaðstoð (m.kr.)	Raun 2026	Áætlun 2026	Frávik	%
Framfærslustyrkur	-1.500	-1.505	5	-0,3%
Tekjur v. endurgreiðslu 15.gr.	732	502	230	45,8%
Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar	-286	-279	-6	2,3%
Heimildargreiðslur - Átaksverkefni	-240	-252	12	-4,9%
Heim.gr. 16.gr. A aðstoð v/barna	-10	-15	5	-33,3%
Rekstrarniðurstaða	-1.304	-1.549	246	-15,9%

fjárhagsaðstoðar námu 2.035 m.kr. og voru í meginatriðum í samræmi við fjárheimildir. Ríkið endurgreiðir sveitarfélögum veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara samkvæmt 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Endanleg fjárhæð endurgreiðslunnar liggur ekki fyrir, en áætlað er að hún geti numið allt að 732 m.kr. á tímabilinu, miðað við um 800 einstaklinga á mánuði.

Framfærslustyrkur nam 1.500 m.kr. og var í meginatriðum í samræmi við áætlun. Notendum fjölgaði um 65 frá sama tímabili fyrra árs, eða um 4,4%, og fengu alls 1.531 notandi framfærslustyrk á tímabilinu.

Notendur fjárhagsaðstoðar (fjöldi)	Fjöldi jan.-júní 2026	Fjöldi jan.-júní 2025	Br. milli ára	%
Framfærslustyrkur	1.953	1.813	140	7,7%
Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar	910	821	89	10,8%
Fjárhagsaðstoð alls	2.295	2.168	127	5,9%

Taflan hér til hliðar sýnir niðurstöður á bundnum liðum velferðarsviðs, þ.e. prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða í bundnum liðum var 2.096 m.kr. eða 350 m.kr. innan fjárheimilda, eða 14,3%. Heildarútgjöld voru 2.828 m.kr. eða 120 m.kr. innan fjárheimilda. Útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar námu 2.036 m.kr. og vegna sérstaks húsnæðisstuðnings 793 m.kr.

Rekstrarniðurstaða vegna fjárhagsaðstoðar var 1.304 m.kr. eða 246 m.kr. innan fjárheimilda. Útgjöld vegna

Taflan sýnir uppsafnaðan fjölda notenda á tímabilinu, alls 2.295. Þar af fengu 1.953 notendur framfærslustyrk og 910 notendur heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar.

Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar námu 286 m.kr. og voru í meginatriðum í samræmi við fjárheimildir.

Heimildargreiðslur vegna átaksverkefna námu 240 m.kr. og voru innan fjárheimilda. Heimildargreiðslur á grundvelli 16. gr. reglna Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð vegna aðstoðar til barna voru einnig innan fjárheimilda.

Heimildargreiðslur voru alls 536 m.kr. og voru í heild í samræmi við fjárheimildir. Þrátt fyrir það fjölgaði notendum sem fengu heimildargreiðslur á tímabilinu. Alls fengu 910 notendur slíkar greiðslur, sem er fjölgun um 89 notendur frá sama tímabili fyrra árs.

Sérstakur húsnæðisstuðningur	Raun 2026	Áætlun 2026	Frávik	%
Sérstakur húsnæðisstuðningur	-356	-477	121	-25,3%
Sérstakur húsnæðist. félagsl. húsn.	-436	-420	-17	4,0%
Rekstrarniðurstaða	-793	-897	104	-11,6%

Rekstrarniðurstaða vegna sérstaks húsnæðisstuðnings var 793 m. kr. eða 104 m.kr. innan fjárheimilda.

Sérstakur húsnæðisstuðningur fyrir leigjendur á almennum



leigumarkaði nam 356 m.kr. og var 121 m.kr. innan fjárheimilda á tímabilinu. Þrátt fyrir það fjölgaði notendum um 30 frá sama tímabili fyrra árs.

Sérstakur húsnæðisstuðningur fyrir leigjendur í félagslegu húsnæði nam 436 m.kr. og var 17 m.kr. umfram fjárheimildir. Notendum sem fengu sérstakan húsnæðisstuðning í félagslegu húsnæði fækkaði um 117 frá sama tímabili fyrra árs. Tekju- og eignamörk voru hækkuð tvisvar á árinu 2026, annars vegar um 5,2% frá 1. janúar og hins vegar um 1,24% frá 1. apríl, sem hafði áhrif á fjárhæð stuðnings á tímabilinu.

Notendur sérstaks húsnæðisst. (fjöldi)	Fjöldi jan.-júní 2026	Fjöldi jan.-júní 2025	Br. milli ára	%
Sérstakur húsnæðisstuðningur	1.926	1.896	30	1,6%
Sérstakur húsnæðisst. félagsl. húsn.	1.988	2.105	-117	-5,6%
Samtals	3.914	4.001	-87	-2,2%

Taflan sýnir uppsafnaðan fjölda notenda sem fengu sérstakan húsnæðisstuðning á tímabilinu. Alls fengu 1.926 notendur stuðning á almennum leigumarkaði og 1.988 notendur í félagslegu húsnæði.


Línuritinn sýna fjölda notenda í hverjum mánuði í samanburði við fyrra ár.



Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Bundnir liðir voru 350 m.kr. innan fjárheimilda eða 14,3%. Þar af var fjárhagsaðstoð 246 m.kr. eða 15,9% innan fjárheimilda en sérstakur húsnæðisstuðningur var 104 m.kr. eða 11,6% innan fjárheimilda.


1.5 Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu



Rekstur RHS (m.kr.)	Raun 2026	Áætlun 2026	Frávik	%
Tekjur	24	10	13	128,4%
Laun og launat. gj.	-1.002	-983	-19	1,9%
Annar rekstrark.	-304	-350	45	-12,9%
Nettó útgjöld- án sérst. afskr.	-1.283	-1.322	39	-3,0%
Sér afskrift	-95	0	-95	n/a
Nettó útgjöld	-1.378	-1.322	-56	4,2%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá skrifstofum miðlægrar stjórnsýslu fyrir tímabilið janúar - júní 2026 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld voru 1.378 m.kr. eða 56 m.kr. umfram fjárheimildir. Frávikin skýrist af einskiptis afskriftum ef tekið er tillit til þessa kostnaðar þá voru nettó útgjöld RHS 1.283 m.kr. sem var 39 m.kr. innan fjárheimilda eða 3,0%



Tekjur voru 24 m.kr. eða 13 m.kr. yfir áætlun.

Laun og launatengd gjöld voru 1.002 m.kr. eða 19 m.kr. umfram fjárheimildir.


Annar rekstrarkostnaður var 399 m.kr. eða 50 m.kr. umfram fjárheimildir. Frávikin skýrast af afskriftum þróunarverkefnis sem ekki kemur til framkvæmda, þ.e. skýrslu starfshóps um rannsóknir á byggingu flugvallar í Hvassahrauni þar sem hlutur Reykjavíkurborgar var 95 m.kr. á móti sambærilegu framlagi ríkisins.

Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu

Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2026	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2026	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2026	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2026	Frávik	%
Borgarlögmaður	0	0	0	-97	-102	5	-7	-12	4	-105	-113	9	-7,9%
Innri endurskoðun og ráðgjöf	0	0	0	-102	-105	3	-19	-31	11	-121	-136	15	-10,7%
Mannréttindaskrifstofa	0	0	0	-59	-59	0	-16	-32	16	-74	-91	17	-18,3%
Skrifst.borgarstjóra og borgarritara	5	2	3	-207	-200	-7	-145	-54	-90	-346	-252	-94	37,2%
Skrifstofa borgarstjórnar	0	0	0	-428	-394	-34	-60	-81	21	-488	-475	-13	2,8%
Skrifstofa samskipta og viðburða	18	8	10	-109	-123	14	-153	-140	-12	-244	-255	11	-4,5%
Samtals	24	10	13	-1.002	-983	-19	-399	-350	-51	-1.378	-1.322	-56	4,2%

Borgarlögmaður 9 m.kr., Innri endurskoðun 15 m.kr. Mannréttindaskrifstofa 17 m.kr. innan fjárheimilda, Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara 94 m.kr. umfram fjárheimildir vegna afskrifta á hlut Reykjavíkurborgar vegna rannsóknarskýrslu vegna flugvallar í Hvassahrauni, sbr. skýringu hér að ofan, Skrifstofa borgarstjórnar 13 m.kr. umfram fjárheimildir og Skrifstofa samskipta og viðburða 11 m.kr. innan fjárheimilda.

1.6 Sameiginlegur kostnaður



Rekstur ÖNN (m.kr.)	Raun 2026	Áætlun 2026	Frávik	%
Tekjur	-22	0	-22	N/A
Laun og launat. gj.	-351	-334	-17	5,0%
Breyting lífeyriskb.	-1.951	-1.761	-190	10,8%
Annar rekstark.	-2.842	-3.186	344	-10,8%
Nettó útgjöld	-5.167	-5.282	115	-2,2%

Tekjur voru 22 m.kr. undir áætlun.

Laun og launatengd gjöld voru 351 m.kr. eða 17 m.kr. umfram fjárheimildir.

Gjaldfærsla lífeyriskuldbindingar var 190 m.kr. umfram áætlun. Breyting lífeyriskuldbindinga á tímabilinu janúar til júní 2026 er miðuð við upplýsingar frá lífeyrissjóðunum Brú R-deild varðandi breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris og breytingar á áfallinni skuldbindingu.



Annar rekstrarkostnaður var 2.842 m.kr. sem var 344 m.kr. innan fjárheimilda.

Sameiginlegur kostnaður


Málaflokkar ÖNN (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2026	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2026	Frávik	Annar kosntaður	Áætlun 2026	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2026	Frávik	%
Styrkir og ýmis framlög	0	0	0	0	0	0	-334	-433	99	-334	-433	99	-22,8%
Atvinnumál	0	0	0	5	-63	68	-2	-8	6	3	-71	74	-104,2%
Rekstur miðlægra tölvukerfa	0	0	0	-10	0	-10	-500	-590	91	-510	-590	81	-13,6%
Innheimtukostnaður skattekna	0	0	0	0	-25	25	-351	-371	21	-351	-396	46	-11,5%
Starfsmannakostnaður	0	0	0	-9	-9	0	-107	-84	-23	-116	-93	-23	24,9%
Kosningar	-23	0	-23	-102	0	-102	-71	-244	172	-196	-244	47	n/a
Sameiginlegur rekstur	1	0	1	-42	-45	3	-1.478	-1.457	-21	-1.519	-1.501	-18	1,2%
Gjaldfært v. fyrirframgreiðslu til Brúar Ísj.	0	0	0	-193	-193	0	0	0	0	-193	-193	0	0,0%
Breyting á lífeyriskuldbindingu	0	0	0	-1.951	-1.761	-190	0	0	0	-1.951	-1.761	-190	10,8%
Samtals	-22	0	-22	-2.302	-2.096	-207	-2.842	-3.186	344	-5.167	-5.282	115	-2,2%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu hjá sameiginlegum kostnaði fyrir tímabilið janúar – júní 2026 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðuð við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld voru 5.167 m.kr. eða 115 m.kr. innan fjárheimilda.




1.7 Fjármála- og áhættustýringarsvið



Rekstur FAS (m.kr.)	Raun 2026	Áætlun 2026	Frávik	%
Tekjur	38	0	38	7857,6%
Laun og launat. gj.	-518	-553	35	-6,3%
Annar rekstrark.	-148	-142	-6	4,3%
Nettó útgjöld	-628	-695	66	-9,6%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá fjármála- og áhættustýringarsviði fyrir tímabilið janúar – júní 2026 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raunniðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld voru 628 m.kr. eða 66 m.kr. innan fjárheimilda.



*Samanburðartölur milli ára eru samkvæmt nýju skipulagi sem tók gildi 1. janúar 2024 en þá fluttist launaskrifstofa yfir til MOS.

Tekjur voru 38 m.kr. eða 38 m.kr. yfir því sem áætlun gerði ráð fyrir.


Laun og launatengd gjöld voru 518 m.kr. eða 35 m.kr. innan fjárheimilda.

Annar rekstrarkostnaður var 148 m.kr. eða 6 m.kr. umfram fjárheimildir.

Fjármála- og áhættustýringarsvið

Málaflokkar FAS (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2026	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2026	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2026	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2026	Frávik	%
Áhættustýring	0	0	0	0	0	0	0	-7	7	0	-7	7	-97,0%
Skrifstofa áætlana og hagsmála	0	0	0	-59	-60	1	-10	-14	3	-69	-73	4	-5,6%
Skrifstofa bókhalds og uppgjörs	2	0	2	-183	-193	9	-45	-38	-7	-227	-231	4	-1,7%
Skrifstofa fjárstýringar og innheimtu	0	0	0	-67	-72	4	-7	-8	1	-74	-79	5	-6,3%
Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar	34	0	34	-113	-116	3	-71	-56	-15	-151	-172	21	-12,3%
Skrifstofa sviðstjóra FAS	2	0	2	-95	-113	18	-14	-19	5	-107	-132	25	-18,9%
Samtals	38	0	38	-518	-553	35	-148	-142	-6	-628	-695	66	-9,6%

1.8 Mannauðs- og starfsumhverfissvið



Rekstur MOS (m.kr.)	Raun 2026	Áætlun 2026	Frávik	%
Tekjur	41	31	10	32,4%
Laun og launat. gj.	-407	-438	31	-7,2%
Annar rekstrark.	-149	-125	-24	19,3%
Nettó útgjöld	-515	-532	17	-3,2%

innan fjárheimilda.


Annar rekstrarkostnaður var 149 m.kr. eða 24 m.kr. umfram fjárheimildir. Helstu frávik eru vegna kostnaðar við fræðslu sem er fjármögnuð með styrkjum úr fræðslusjóðum. Þar eiga tekjur eftir að koma inn á móti kostnaði sem lagt hefur verið út fyrir og á eftir að jafnast út.

Mannauðs - og starfsumhverfissvið

Málaflokkar MOS (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2026	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2026	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2026	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2026	Frávik	%
Launaskrifstofa	0	0	0	-165	-188	23	-6	-6	0	-171	-193	23	-11,8%
Skrifstofa kjaramála	0	0	0	-67	-62	-6	-1	-1	0	-68	-62	-6	10,1%
Skrifstofa ráðningar og mönnunar	0	0	0	-42	-34	-8	0	0	0	-43	-34	-9	25,1%
Skrifstofa sviðstjóra MOS	4	0	4	-52	-52	-1	-19	-23	4	-68	-74	7	-8,8%
Skrifstofa starfsþróunar og starfsumhverfis	37	31	6	-80	-103	24	-64	-40	-24	-106	-113	6	-5,7%
Verkefnastofa starfsmats	0	0	0	0	0	0	-59	-55	-4	-59	-55	-4	6,9%
Samtals	41	31	10	-407	-438	31	-149	-125	-24	-515	-532	17	-3,2%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá mannauðs- og starfsumhverfissviði fyrir tímabilið janúar – júní 2026 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.


Nettó útgjöld voru 515 m.kr. sem er 17 m.kr. innan fjárheimilda eða 3,2%



Tekjur voru 41 m.kr. eða um 10 m.kr. umfram áætlun.

Laun og launatengd gjöld voru 407 m.kr. eða 31 m.kr.


1.9 Þjónustu- og nýsköpunarsvið



Rekstur PON (m.kr.)	Raun 2026	Áætlun 2026	Frávik	%
Tekjur	1.981	1.825	157	8,6%
Laun og launat. gj.	-1.130	-1.103	-27	2,4%
Annar rekstrark.	-3.395	-3.323	-72	2,2%
Nettó útgjöld	-2.543	-2.601	58	-2,2%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði fyrir tímabilið janúar – júní 2026 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld voru 2.543 m.kr. eða 58 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins eða sem nam 2,2%.



Tekjur námu 1.981 m.kr. eða sem nemur 157 m.kr. yfir því sem gert var ráð fyrir í áætlun tímabilsins.

Laun og launatengd gjöld námu samtals 1.130 m.kr. eða samtals 27 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins.

Annar rekstrarkostnaður nam samtals 3.395 m.kr. sem er 72 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins.

Fjárfesting í Eignasjóði nam samtals 660 m.kr. en áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir fjárfestingum að fjárhæð 888 m.kr.

Málaflokkar PON (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2026	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2026	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2026	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2026	Frávik	%
Borgarskjalasafn	1	0	1	-37	-52	15	-129	-44	-85	-166	-96	-70	72,7%
Gagnaþjónusta	212	59	153	-133	-101	-32	-115	-38	-77	-36	-80	44	-55,4%
Upplýsinga- og skjalastýring	54	53	1	-90	-91	1	-42	-49	8	-78	-87	9	-10,9%
Rekstrarþjónusta	54	47	6	-53	-60	7	-293	-236	-57	-292	-249	-43	17,4%
Stafræn Reykjavík	276	200	76	-262	-243	-19	-105	-117	11	-91	-160	69	-43,1%
Miðlæg skrifstofa PON	29	2	27	-116	-84	-33	-46	-272	226	-133	-354	221	-62,4%
Upplýsingatæknipjónusta	1.273	1.382	-109	-209	-271	62	-2.590	-2.463	-127	-1.525	-1.352	-173	12,8%
Þjónusta og umbreyting	81	80	1	-229	-200	-28	-75	-103	28	-223	-224	1	-0,4%
Rekstur samtals	1.981	1.825	157	-1.130	-1.103	-27	-3.395	-3.323	-72	-2.543	-2.601	58	-2,2%
Eignasjóður fjárfestingar	0	0	0	0	0	0	-660	-888	228	-660	-888	228	-25,7%
Samtals	1.981	1.825	157	-1.130	-1.103	-27	-4.055	-4.211	156	-3.203	-3.489	286	-8,2%

Borgarskjalasafn var 70 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins vegna reikninga frá Þjóðskjalasafni, 87 m.kr., vegna yfirfærslu Borgarskjalasafns til Þjóðskjalasafns sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun fyrir árið 2026.


Rekstrarþjónusta var 43 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins að mestu vegna umbótaverkefna og viðhalds á mötuneyti Ráðhúss og Höfðatorgs sem tilheyrir umhverfis- og skipulagssviði og á eftir að færa yfir. Einnig var kostnaður vegna öryggisgæslu um 18 m.kr. yfir áætlun tímabilsins.

Upplýsingatæknipjónusta var 173 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins. Tekjur voru 109 m.kr. undir áætlun tímabilsins en það komu lægri tekjur en áætlað var vegna tilfærslu á deild hugbúnaðarþróunar yfir til skrifstofu gagnaþjónustu. Annar rekstrarkostnaður upplýsingatæknipjónustu var 127 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins en samþættingarlag borgarinnar er borið uppi af tæknirekstri upplýsingatæknipjónustu án þess að það komi tekjur á móti. Þetta þarf að laga og koma fyrir svo vörur og lausnir sem nýta sér samþættingarlagið greiði fyrir þá notkun samkvæmt gjaldskrá.

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Rekstrarniðurstaða tímabilsins var 58 m.kr. undir fjárheimildum eða 2,2%.
- Tekjur voru 1.981 m.kr. eða 8,6% yfir áætlun sem samsvarar 157 m.kr. Auknar tekjur sviðsins lenda að miklu leyti sem kostnaður á öðrum sviðum borgarinnar.
- Rekstrarkostnaður (laun og rekstur) var 99 m.kr. undir áætlun.

1.10 Framlög til B-hluta fyrirtækja



Framlög (m.kr.)	Raun 2026	Áætlun 2026	Frávik	%
Strætó	-1.964	-2.028	65	-3,2%
Slökkvilið hbsv.	-855	-868	13	-1,5%
Nettó útgjöld	-2.819	-2.897	78	-2,7%


Myndin hér til hliðar sýnir framlög til B-hluta fyrirtækja fyrir tímabilið janúar – júní 2026 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Framlög til B-hluta fyrirtækja námu 2.819 m.kr. og voru 78 m.kr. innan fjárheimilda.

Strætó: Framlag til Strætó var 1.964 m.kr. eða 65 m.kr. innan fjárheimilda.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins: Framlag til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins var 855 m.kr. og var það 13 m.kr. innan fjárheimilda.

2. Eignasjóður




Rekstur Eignasjóðs (í m.kr.)	Raun 2026_06	Áætlun	Frávik	%	Raun 2025_06	Breyting	%
Leigutekjur	19.608	18.889	719	3,8%	18.116	1.493	8,2%
Sala byggingaréttar	556	1.333	-777	-58,3%	863	-308	-35,6%
Sala fastafjármuna	1.078	167	911	546,8%	1.551	-473	-30,5%
Aðrar tekjur	910	509	400	78,7%	456	453	99,4%
Rekstrartekjur samtals	22.152	20.898	1.253	6,0%	20.986	1.166	5,6%
Laun og launatengd gjöld	-1.402	-1.579	177	-11,2%	-1.420	19	-1,3%
Annar rekstrarkostnaður	-6.135	-5.557	-579	10,4%	-5.659	-476	8,4%
Afskriftir	-7.277	-5.258	-2.019	38,4%	-4.908	-2.369	48,3%
Rekstrargjöld samtals	-14.814	-12.393	-2.421	19,5%	-11.987	-2.827	23,6%
Fjármagnsliðir	-7.226	-5.484	-1.742	31,8%	-5.810	-1.416	24,4%
EBITDA	14.615	13.763	852	6,2%	13.907	708	5,1%
EBIT	7.338	8.505	-1.168	-13,7%	8.999	-1.661	-18,5%
Rekstrarniðurstaða	112	3.021	-2.909	-96,3%	3.189	-3.077	-96,5%

Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 112 m.kr. á fyrstu 6 mánuðum ársins en í áætlun var gert ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 3.021 m.kr. og var niðurstaðan því 2.909 m.kr. lakari en áætlun gerði ráð fyrir. Frávikíð skýrist einkum af því að afskrifaður var 904 m.kr. eignahluti borgarinnar í hjúkrunarheimilum vegna flutnings þeirra til ríkisins og 1,2 ma.kr. afskrifta á eignum sem ákveðið hefur verið að rífa og verkum þar sem hætt hefur verið við framkvæmdir. Á móti komu hærri tekjur af innri leigu sem námu um 568 m.kr. umfram áætlun vegna verka sem hætt var við.

Rekstrartekjur voru 22.152 m.kr. eða 1.253 m.kr. yfir áætlun sem jafngildir 6,0%. **Leigutekjur** voru 19.608 m.kr. eða 719 m.kr. yfir áætlun sem skiptist þannig að ytri leiga var 76 m.kr. yfir áætlun, innri leiga var 642 m.kr. yfir áætlun. **Sala byggingarréttar** nam 556 m.kr. og var 777 m.kr. undir áætlun. **Sala fastafjármuna** skilaði hagnaði sem nam 1.078 m.kr. og var 911 m.kr. yfir áætlun og **aðrar tekjur** voru 910 m.kr.

í m.kr.

Skipting rekstrartekna



Rekstrargjöld námu 14.814 m.kr. eða 2.421 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins.

Annar rekstrarkostnaður var 6.135 m.kr. eða 579 m.kr. umfram fjárheimildir eða um 10,4%. **Rekstur USK í eignasjóði** var 352 m.kr. innan fjárheimilda vegna milliviðskipta. **Viðhald fasteigna** var 115 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins. **Rekstur eigna** var 342 m.kr. umfram fjárheimildir vegna milliviðskipta og húsaleigu.

Laun og launatengd gjöld voru 1.402 m.kr. sem var 177 m.kr. innan fjárheimilda eða um 11,2%. **Skrifstofa borgarlandsins** var 113 m.kr. innan fjárheimilda og **Skrifstofa framkvæmda og fasteignapjónustu** var 52 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins.

Afskriftir námu 7.277 m.kr. og voru 2.019 m.kr. umfram fjárheimildir sem skýrist af fasteignum til niðurrifs 615 m.kr., afskriftum vegna verkefna sem hætt hefur verið við 568 m.kr. og afskriftum á bókfærðu verði hjúkrunarheimilanna Markar við Suðurlandsbraut og við Sléttuveg 904 m.kr. í samræmi við lög nr. 40/2025.

Samkvæmt lögum nr. 40/2025 um yfirfærslu eignarhluta sveitarfélaga í hjúkrunarheimilum til ríkisins var bókfært virði eignarhlutar Reykjavíkurborgar í hjúkrunarheimilunum Mörk við Suðurlandsbraut og við Sléttuveg afskrifað. Afskriftin nemur samtals 903,5 m.kr. og er liður í yfirfærslu ábyrgðar á uppbyggingu, endurbótum og viðhaldi hjúkrunarheimila frá sveitarfélögum til ríkisins.

Rekstur USK í Eignasjóði sem færast í Aðalsjóð. Rekstur og viðhald gatna og opinna svæða færast yfir í Aðalsjóð á gjalda og tekjulyklum miðað við raunkostnað. Þessir liðir hafa því ekki áhrif á rekstur Eignasjóðs og eingöngu gerð grein fyrir þeim í rekstri Aðalsjóðs.

Málaflokkar USK (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2026	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2026	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2026	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2026	Frávik	%
Rekstur USK í eignasjóði	471	285	187	-1.287	-1.452	165	798	1.150	-352	-18	-18	0	0,0%
Viðhald og aðgengismál fasteigna	164	88	76	0	0	0	-1.788	-1.902	115	-1.624	-1.815	191	-10,5%
Rekstur eigna	21.517	20.526	990	-114	-126	12	-5.146	-4.804	-342	16.256	15.596	660	4,2%
Afskriftir	0	0	0	0	0	0	-7.354	-5.258	-2.096	-7.354	-5.258	-2.096	39,9%
Samtals	22.152	20.898	1.253	-1.402	-1.579	177	-13.490	-10.815	-2.675	7.260	8.505	-1.245	-14,6%

Nettó fjármagnsgjöld voru 7.226 m.kr. eða 1.742 m.kr. hærri en áætlað var sem rekja má til hærri verðbóta á árinu en gert var ráð fyrir í áætlun.

Fjárfestingar á tímabilinu námu 9.836 m.kr. eða um 1.673 m.kr. undir áætlun tímabilsins. Tekjur vegna gatnagerðargjalda námu 846 m.kr. eða 821 m.kr. undir áætlun. Nettó fjárfesting tímabilsins nam 8.990 m.kr. og reyndist 852 m.kr. undir því sem áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir.

Fjárfestingar Eignasjóðs (m.kr.)	Raun 2026	Áætlun 2026	Frávik	%
Fasteignir og stofnbúnaður	5.807	6.965	-1.158	-16,6%
Samgöngumannvirki	3.287	3.296	-9	-0,3%
Annað	743	1.248	-505	-40,5%
Samtals fjárfesting - brúttó	9.836	11.509	-1.673	-14,5%
Gatnagerðargjöld	-846	-1.667	821	-49,2%
Samtals fjárfesting - nettó	8.990	9.842	-852	-8,7%

Samgöngumannvirki. Kostnaður við gatnaframkvæmdir nam 3.287 m.kr. sem var um 0,3% undir áætlun tímabilsins. Tekjur af gatnagerðargjöldum námu 846 m.kr. eða 49,2% undir áætlun tímabilsins.

Áhöld og tæki. Fjárfestingar námu 306 m.kr. sem er 53,8% undir áætlun tímabilsins.

Óefnislegar eignir. Fjárfestingar námu 354 m.kr. sem er 25,3% undir áætlun tímabilsins


Lóðir, lönd og skipulagseignir. Fjárfestingar námu 49 m.kr. sem er 63,4% yfir áætlun tímabilsins.

Endurbætur, sérstök átaksverkefni. Fjárfestingar námu 33 m.kr. sem er 58,5% undir áætlun tímabilsins.

Efnahagur

Efnahagur Eignasjóðs (m.kr.)	30.6.2026	31.12.2025	Breyting	%
Óefnislegar eignir	4.625	5.152	-527	-10,2%
Fasteignir og lóðir	181.426	180.543	883	0,5%
Götur	44.907	43.375	1.532	3,5%
Áhöld og tæki	7.659	7.872	-214	-2,7%
Leigueignir	5.089	5.629	-540	-9,6%
Langtímakröfur	1.749	1.770	-21	-1,2%
Veltufjármunir án handb.fjár	44.200	40.383	3.817	9,5%
Handbært fé	0	0	0	3,7%
Eignir samtals	289.654	284.725	4.929	1,7%
Eigið fé	132.449	132.772	-323	-0,2%
Langtímalán	132.099	126.062	6.037	4,8%
Leiguskuldir	9.305	9.936	-631	-6,4%
Næsta árs afborganir langtímalána og leiguskulda	11.313	10.543	770	7,3%
Ríkissjóður, fyrirfram innborgað vegna fjárfestinga	0	77	-77	-100,0%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb. og fyrirfram innb. frá Ríkissjóði	4.489	5.335	-847	-15,9%
Skuldir samtals	157.205	151.953	5.252	3,5%
Skuldir og eigið fé samtals	289.654	284.725	4.929	1,7%

Sjóðstreymi



Með brúttó fjárfestingu er fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum.

3. Lykiltölur mannauðs

Hér að neðan má sjá lykiltölur mannauðs skipt eftir sviðum. Tölur sem birtar eru snúa að fjölda stöðugilda, fjölda yfirvinnustunda, fjölda vinnustunda með vaktaálagi og ekinna kílómetra.

Við útreikning stöðugilda er miðað við greidd stöðugildi í útborgun á tímabilinu 1. janúar til 30. júní árin 2025 og 2026. Undanskilin eru stöðugildi starfsmanna í fæðingarorlofi þar sem ekki fellur til kostnaður vegna þeirra.

A-hluti

	2025-06			2026-06			
Lykiltölur um mannauð - A-hluti	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári
Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal	2.379	6.329	8.708	2.427	6.349	8.776	➡ 0,8%
Fjöldi yfirvinnustunda á tímabilinu	170.955	242.730	413.685	167.640	231.277	398.917	➡ -3,6%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á tímabilinu	393.291	540.931	934.222	386.729	540.323	927.052	➡ -0,8%
Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.)	173.606	449.440	623.046	174.927	426.252	601.179	➡ -3,5%
Fjöldi samgöngusamninga á tímabilinu	823	2.561	3.384	789	2.453	3.242	➡ -4,2%

Sundurliðun einstök svið

	2025-06			2026-06			
Menningar- og íþróttasvið	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári
Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal	208	263	471	201	261	462	➡ -1,9%
Fjöldi yfirvinnustunda á tímabilinu	34.779	30.344	65.123	35.745	30.567	66.312	➡ 1,8%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á tímabilinu	38.151	39.876	78.027	35.346	40.211	75.557	➡ -3,2%
Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.)	41.445	9.254	50.700	46.349	12.406	58.755	⬆ 15,9%
Fjöldi samgöngusamninga á tímabilinu	53	83	136	56	92	148	⬆ 8,8%

	2025-06			2026-06			
Skóla- og frístundasvið	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári
Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal	1.001	3.996	4.996	1.065	4.047	5.112	➡ 2,3%
Fjöldi yfirvinnustunda á tímabilinu	45.099	117.757	162.855	44.939	111.059	155.998	➡ -4,2%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á tímabilinu	21.904	36.900	58.803	21.707	37.418	59.125	➡ 0,5%
Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.)	34.928	94.479	129.407	36.938	92.715	129.653	➡ 0,2%
Fjöldi samgöngusamninga á tímabilinu	437	1.971	2.408	417	1.844	2.261	⬇ -6,1%

	2025-06			2026-06			
Umhverfis- og skipulagssvið	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári
Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal	304	145	449	307	158	465	➡ 3,6%
Fjöldi yfirvinnustunda á tímabilinu	39.985	5.014	44.999	35.802	4.036	39.838	⬇ -11,5%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á tímabilinu	16.407	2.236	18.643	12.813	1.532	14.346	⬇ -23,0%
Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.)	8.275	2.575	10.850	6.755	2.379	9.134	⬇ -15,8%
Fjöldi samgöngusamninga á tímabilinu	85	50	135	76	50	126	⬇ -6,7%

Sextán stöðugildi fluttust til umhverfis- og skipulagssviðs þann 1. september 2025, 11 stöðugildi komu frá fjármála- og áhættustýringarsviði og 5 frá miðlægri stjórnsýslu.

	2025-06			2026-06			
Velferðarsvið	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári
Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal	734	1.690	2.424	727	1.661	2.388	➡ -1,5%
Fjöldi yfirvinnustunda á tímabilinu	49.874	89.482	139.356	49.060	85.454	134.514	➡ -3,5%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á tímabilinu	311.257	461.711	772.968	310.577	460.485	771.062	➡ -0,2%
Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.)	85.793	338.730	424.523	80.455	316.212	396.667	⬇ -6,6%
Fjöldi samgöngusamninga á tímabilinu	187	381	568	186	394	580	➡ 2,1%

	2025-06			2026-06			
Miðlæg stjórnsýsla	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári
Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal	24	49	73	25	45	70	➡ -4,1%
Fjöldi yfirvinnustunda á tímabilinu	478	115	593	434	50	484	⬇ -18,4%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á tímabilinu	68	208	275	58	138	196	⬇ -28,7%
Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.)	210	2.270	2.480	707	561	1.268	⬇ -48,9%
Fjöldi samgöngusamninga á tímabilinu	12	15	27	9	16	25	⬇ -7,4%

Fimm stöðugildi fluttust til umhverfis- og skipulagssviðs þann 1. september 2025.

	2025-06			2026-06				
Fjármála- og áhættustýringarsvið	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári	
Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal	23	51	74	20	44	64	↓	-13,5%
Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.)	186	437	623	0	612	612	→	-1,8%
Fjöldi samgöngusamninga á tímabilinu	7	8	15	7	10	17	↑	13,3%

Ellefu stöðugildi fluttust til umhverfis- og skipulagssviðs þann 1. september 2025.

	2025-06			2026-06				
Mannauðs- og starfsumhverfissvið	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári	
Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal	11	40	51	9	43	51	→	0,0%
Fjöldi yfirvinnustunda á tímabilinu	9	19	28	5	46	51	↑	82,1%
Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.)	153	1.432	1.585	72	1.182	1.254	↓	-20,9%
Fjöldi samgöngusamninga á tímabilinu	6	11	17	4	11	15	↓	-11,8%

	2025-06			2026-06				
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári	
Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal	74	95	169	73	90	163	→	-3,6%
Fjöldi yfirvinnustunda á tímabilinu	729	0	729	1.654	66	1.720	↑	135,9%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á tímab.	5.505	0	5.505	6.227	539	6.765	↑	22,9%
Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.)	2.617	263	2.879	3.651	186	3.837	↑	33,3%
Fjöldi samgöngusamninga á tímabilinu	36	42	78	34	36	70	↓	-10,3%